

Viðurkenningar fyrir rannsóknarstörf

Minningarsjóður Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur veitti Höllu Sif Ólafsdóttur og Sindra Aroni Viktorsyni nýlega viðurkenningar fyrir rannsóknarstörf.

Minningarsjóður Magnúsar og Sigríðar er dánargjöf þeirra hjóna en þau studdu dyggilega við börn og unnu að velferðarmálum barna. Sigríður tók virkan þátt í starfsemi Kvenfélagsins Hringsins. Tilgangur minningarsjóðsins er að styrkja rannsóknarstarfsemi í læknisfræði, einkum í hjartasjúkdómum.

Halla Sif hefur rannsakað Kawasaki-sjúkdóm á Íslandi, nýgengi, árangur meðferðar og mögulegar síðkomnar



Á myndinni eru Halla Sif og Sindri Aron ásamt Valgerði Einarsdóttur formanni Kvenfélagsins Hringsins.

aukaverkanir sjúkdómsins. Sindri Aron rannsakaði langtímafylgikvilla og lifun eftir lokuskipti vegna ósæðarlokuþrengsla

á Íslandi. Báðar rannsóknirnar hafa hlotið verðskuldaða athygli.